

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 31. maí. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Elín Gylfadóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttur.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.


Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um dagskrá eins og hún kemur fyrir.

Dagskrá:

1. Fundargerð 3. fundar skipulagsnefndar (skip.-bygg.-umhverfis- og samg.nefndar) 7. maí 2019 sbr. fundargerð aukafundar sveitarstjórnar dags. 24. maí 2019.
  2. Umræður um ársreikning 2018 – síðari umræða.
  3. Önnur mál.
1. Fundargerð 3. fundar skipulagsnefndar (skip.-bygg.-umhverfis- og samg.nefndar) 7. maí 2019.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða. Verða viðeigandi liðir settir í auglýsingu og framkvæmd í höndum bygginga-/skipulagsfulltrúa.
  2. Umræður um ársreikning 2018 – síðari umræða.  
Ársreikningur 2018 er samþykktur samhljóða af sveitarstjórn.
  3. Önnur mál.
    - a. Erindi vegna ljósleiðara og símatengingu – eigendur sumarbústaðar í Hörgshlíð í Mjóafirði – fyrirspurn um stöðu mála.  
Sveitarstjóra falið að taka upp samtal við Mílu um lausn á örbylgjusambandi /ljósleiðarasambandi við Hörgshlíð.
    - b. Erindi frá íbúa í Eyrardal vegna girðingar á svæðinu sem liggur niðri og er að hluta ónýt (girðing um smábýlahverfi).  
Kanna fyrra skipulag um girðinguna og ákveða nánar hvort á að koma henni í viðunandi horf eða fara á annan hátt með hana (jafnvel fjarlægja).
    - c. Erindi frá íbúa vegna ljósastaura við Álfabyggð 3 (staðsetning).  
Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.



Kgk  
Sammi  


d. Ráðstöfun Ísafjarðarár.  
Samningur hefur verið gerður til eins árs.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:08

  
Steinn Ingi Kjartansson

  
Karl Guðmundur Kjartansson

  
Elín Gylfadóttir

  
Elsa Borgarsdóttir

  
Samúel Kristjánsson  
oddviti